

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 141/2001**

**frá 11. desember 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/485/EB frá 18. júlí 2000 um breytingu á ákvörðun 2000/350/EB um faraldursfræðilegt eftirlit með blátungu í Grikklandi og tiltekna ráðstafanir til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2000 frá 7. september 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2630/97 að því er varðar fyrirmynd að skýrslugjöf um árlegt eftirlit sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/598/EB frá 3. október 2000 varðandi tiltekna verndarráðstafanir gegn blátungu á Sardiníu, Ítalíu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 58.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 228, 8.9.2000, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 253, 7.10.2000, bls. 47.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 72. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2630/97):

„- **32000 R 1898:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2000 frá 7. september 2000 (Stjtið. EB L 228, 8.9.2000, bls. 22).“

2. Eftirfarandi bætist við í 103. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/350/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 D 0485:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/485/EB frá 18. júlí 2000 (Stjtið. EB L 195, 1.8.2000, bls. 58).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við 104. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/351/EB):

„105. **32000 D 0598:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/598/EB frá 3. október 2000 varðandi tilteknar verndarráðstafanir gegn blátungu á Sardiníu, Ítalíu (Stjtið. EB L 253, 7.10.2000, bls. 47).“

*2. gr.*

Texti ákvarðana 2000/485/EB, 2000/598/EB og reglugerðar (EB) nr. 1898/2000 á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*B. Grydeland*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*